

SAMNINGUR

um starfsskilyrði sauðfjárræktar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar skv. 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Samningur þessi felur í sér umtalsverðar breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði í síðustu samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Samið er um að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum. Stuðningsformi ríkisins er breytt, áhersla aukin á gæðastýrða framleiðslu, byggðatengdan stuðning og aukið virði sauðfjárafurða.

1. gr.

Markmið sammingsins

1.1 Meginmarkmið þessa sammings er að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarljósi. Það verði gert með því að hlúa að þeirri menningu sem tengist sauðfjárrækt um leið og stuðlað er að framþróun, nýsköpun, nýliðun og eflingu byggðar um allt land.

- Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu.
- Að treysta stóðir sauðfjárræktar í byggða- og atvinnulegu tilliti.
- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.
- Að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaafurða á sanngjörnu verði fyrir neytendur.
- Að efla gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og aðra þætti sem henni tengjast þar með talið velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.
- Að efla markaðsstarf, nýsköpun og markaðsvitund í sauðfjárrækt með það fyrir augum að auka verðmætasköpun og möguleika greinarinnar til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum og gagnvart ferðamönnum.

2. gr.

Skilyrði greiðslna og greiðslutilhögun

2.1 Þeir einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda sauðfjárrækt á lögbylí, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2.2 Skilyrði fyrir greiðslum er þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil á skýrslum.

2.3 Hjón og sambýlisfólk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samningum sé skipt jafnt á milli aðila.

- 2.4 Fjárhæðir til einstakra verkefna á samningstímanum eru tilgreindar í töflu 1 í viðauka I.
- 2.5 Heildargreiðslur hvers framleiðanda samkvæmt samningi þessum skulu áætlaðar eigi síðar en í febrúar hvert ár út frá greiðslum síðasta árs, fjölda ærgilda og fjölda vetrarfóðraðra kinda. Greiðslur til nýliða skal áætla út frá ærgildum og fjölda vetrarfóðraðra kinda. Fyrirkomulag greiðslna til framleiðenda skal nánar útfært í reglugerð en miðað er við að greiðsluflæði verði svipað og var í fyrri samningi.

3. gr.

Greiðslumark sauðfjárbúa og beingreiðslur

- 3.1 Greiðslumark lögbýla þann 1. janúar 2017 miðast við greiðslumark eins og það er skráð hjá Matvælastofnun eftir að búið er að skrá tilkynningar um framsal sem skilað verður inn fyrir 15. janúar 2017.
- 3.2 Greiðslumark getur flust milli lögbýla til 31. desember 2020. Eftir það fellur heimild til framsals niður. Síðasti dagur til að tilkynna um framsal er 15. janúar 2021.
- 3.3 Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli til 31. desember 2020 og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að framselja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok.
- 3.4 Frá og með 1. janúar 2026 fellur greiðslumark úr gildi. Greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfelld frá gildistöku samningsins til 31. desember 2025 fellur niður. Fjármunum sem þannig sparast skal ráðstafað á aðra liði samningsins að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga.
- 3.5 Beingreiðslur samkvæmt greiðslumarki breytast í samræmi við töflu 1 í viðauka I.
- 3.6 Til að fá fullar beingreiðslur þarf framleiðandi að eiga að lágmarki 0,7 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Þetta skilyrði fellur niður frá og með 1. janúar 2021.
- 3.7 Nái gripafjöldi ekki framangreindu lágmarki skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Beingreiðslumark sem skerðast vegna þessa ákvæðis skal ráðstafa til annarra verkefna í samningnum samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.
- 3.8 Handhafar greiðslumarks geta óskað eftir innlausn á greiðslumarki sínu frá gildistöku samningsins til 31. desember 2020. Ríkissjóður skuldbindur sig til að kaupa greiðslumarkið á núvirtu andvirði beingreiðslna tveggja næstu almanaksára eftir að innlausnar er óskað samkvæmt ákvæðum samningsins. Matvælastofnun annast innlausn greiðslumarks. Þeim fjármunum sem þannig losna síðar á samningstímanum skal ráðstafað á aðra liði samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

4. gr.

Gæðastýring

- 4.1 Álagsgreiðslur greiðast á allt framleitt kindakjöt frá framleiðendum sem uppfylla kröfur um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu, hollustu afurða og önnur skilyrði reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eins og hún er á hverjum tíma. Heimilt verður að beita stuðlum til að greiða mishátt álag á einstaka flokka lambakjöts og

ærkjöts eða vegna mismunandi sláturtíma. Markaðsráð kindakjöts gerir árlega tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga sem ákveður hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti. Verði heimildin nýtt skal ákvörðun um stuðla fyrir ár hvert liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember árið á undan.

5. gr.

Gripagreiðslur

- 5.1 Gripagreiðslur greiðast á vetrarfóðraðar kindur frá 1. janúar 2020. Heimilt er að beita stuðlum til að greiða hærri greiðslur til nýliða. Framkvæmdanefnd búvörusamninga tekur ákvörðun um hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti. Við endurskoðun samningsins árið 2019 verði tekin ákvörðun um hvort gripagreiðslur skuli vera háðar þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.

6. gr.

Býlisstuðningur

- 6.1 Greiddur verður býlisstuðningur til framleiðenda frá og með árinu 2018. Markmið hans er að styrkja byggð og styðja við fjölskyldubú.
- 6.2 Greidd verður föst fjárhæð til hvers framleiðanda sem fellur í ákveðna stærðarflokka eftir gripafjölda, samanber töflu 2 í viðauka I. Skilyrði fyrir greiðslu til hvers einstaks framleiðanda er að hann eigi fleiri en 100 vetrarfóðraðar kindur. Allir framleiðendur sem eiga fleiri en 800 vetrarfóðraðar kindur fá sömu fjárhæð í býlisstuðning.

7. gr.

Ullarnýting

- 7.1 Greiddur verður stuðningur við framleiðslu á ull á samningstímanum. Greiðslur skulu miðast við framleitt magn, en einnig er heimilt að nýta hluta af stuðningnum til að greiða niður kostnað við söfnun á ull. Heimilt verður að beita stuðlum til að greiða mishátt álag á einstaka gæðaflokka ullar. Landssamtök sauðfjárbænda gera árlega tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga um hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti.

8. gr.

Svæðisbundinn stuðningur

- 8.1 Greiddur verður sérstakur svæðisbundinn stuðningur á samningstímanum til framleiðenda á ákveðnum landssvæðum sem háðust eru sauðfjárrækt. Samningsaðilar eru sammála um að leita til Byggðastofnunar um að gera tillögu um skilgreiningu á þeim svæðum sem eigi kost á slíkum stuðningi. Stofnunin geri einnig tillögu um hvernig útteilingu skuli háttað. Svæði sem rétt eiga á stuðningi skal skilgreina í reglugerð að fenginni tillögu Byggðastofnunar. Endanlegt fyrirkomulag um útteilingu stuðnings skal einnig ákveðið í reglugerð að fenginni tillögu Byggðastofnunar og eftir umsögn framkvæmdanefndar búvörusamninga.

9. gr.

Fjárfestingastuðningur

- 9.1 Fjárfestingastuðningur verður greiddur samkvæmt töflu 1 í viðauka I. Tilgangur hans er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum. Greidd

verða framlög vegna nýframkvæmda og breytinga á byggingum til að bæta vinnuaðstöðu, aðbúnað og velferð gripa. Verkefni þurfa að kosta yfir 1 m.kr. til að vera styrkhæf. Framlög geta numið allt að 20% stofnkostnaðar, en hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag en 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins.

10. gr.

Aukið virði sauðfjárafurða

- 10.1 Á samningstímanum verður greiddur stuðningur til átaksverkefnis sem hafi það að markmiði að auka virði sauðfjárafurða og bæta afkomu bænda, sbr. töflu 1 í viðauka I. Markmið átaksverkefnisins er að vinna að auðkenningu íslenskra sauðfjárafurða, aukinni verðmætasköpun, sölu til ferðamanna og arðsemi útflutnings.

11. gr.

Tilfærslur og hámarksgreiðslur

- 11.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga að færa upphæðir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið, öðrum en beingreiðslum út á greiðslumark samkvæmt grein 3.
- 11.2 Hver framleiðandi getur ekki fengið framlög sem nema hærra hlutfalli en 0,4% af árlegum heildarframlögum samkvæmt samningi þessum.

12. gr.

Röskun framleiðsluskilyrða

- 12.1 Verði framleiðandi fyrir áföllum, svo sem vegna dýrasjúkdóma, náttúruhamfara, verðurfars eða annarra ástæðna sem skerða framleiðslumöguleika og tekjur er heimilt að ákveða að greiðslur samkvæmt samningi þessum skerðist ekki, þótt almenn skilyrði um fjárfjölda og framleiðslu sé ekki uppfyllt tímabundið. Framleiðandi sem telur sig hafa orðið fyrir áföllum skal sækja um greiðslur samkvæmt greininni til Matvælastofnunar sem tekur ákvörðun um hvort skilyrði séu uppfyllt.

13. gr.

Verðlagning

- 13.1 Landssamtökum sauðfjárþænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð á sauðfjárafurðum. Viðmiðunarverðið er ekki bindandi fyrir kaupendur afurða. Verðlagning sauðfjárafurða er frjálís á öllum sölustigum.

14. gr.

Verðlagsuppfærsla

- 14.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

15. gr.

Endurskoðun samnings

- 15.1 Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðsla sauðfjárafurða og afkoma í greininni

hefur þróast, hvaða árangur hefur náðst við útflutning og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir. Einnig skal skoða þróun í bústærð, fjölda bóna eftir svæðum og fjárfjölda í landinu.

- 15.2 Fram að endurskoðun 2019 er stefnt að því að auka útflutningstekjur af sauðfjárrækt sem leiði til þess að hlutur bænda í heildarverðmætasköpun greinarinnar aukist um 7,5% að lágmarki. Þetta miðast við óbreyttan fjárfjölda í landinu og fast verðlag. Takist það ekki skal niðurtröppun beingreiðslna endurskoðuð.
- 15.3 Fjölgi fé í landinu yfir 10% frá gildistöku samningsins, fram til fyrri endurskoðunar árið 2019 skal endurskoða býlisstuðning bæði fjárhæðir og þrep. Sérstaklega skal hafa í huga við þá endurskoðun að styðja við byggð alls staðar í landinu.
- 15.4 Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Þá skal horfa til sömu þátta og við þá fyrri. Aðilar geta um leið ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

16. gr.

Fyrirvarar

- 16.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

17. gr.

Gildistími og framkvæmd

- 17.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.
- 17.2 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kveður nánar á um útfærslu einstakra verkefna samnings þessa í reglugerð.
- 17.3 Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.
- 17.4 Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Af hálfu Bændasamtaka Íslands er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki sauðfjárbænda.
- 17.5 Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamtök sauðfjárbænda einu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.
- 17.6 Samningsaðilar eru sammála um að fella úr gildi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum við gildistöku þessa samnings, þó skal ákvæði um búskaparlok samkvæmt bráðabrigðaákvæði T í búvörulögum nr. 99/1993 halda gildi sínu til 31. desember 2017. Þeim aðilum sem fengið hafa bústofnskaupastyrki til frumþýlinga til og með 31. desember 2016

samkvæmt verklagsreglum í viðauka IV í reglugerð nr. 1221/2015 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2016 skal heimilt að leggja fram framhaldsumsóknir á árinu 2017 samkvæmt ákvæðum þeirra reglna.

Reykjavík, 19. febrúar 2016

F.h. ríkisstjórnar Íslands

F.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Þórarinn Ingi Pétursson
formaður Landssamtaka
sauðfjárbænda

Viðauki I

Tafla 1 – Fjárhæðir í m.kr.

Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur - greiðslumark - 3. grein	2.506	2.267	2.205	1.944	1.635	1.319	1.046	777	422	
Gæðastýring - álagsgreiðslur - 4. grein	1.714	1.679	1.674	1.652	1.816	1.970	2.120	2.268	2.504	2.482
Gripagreiðslur - 5. grein				95	225	355	445	534	621	1.033
Eftirstöðvar eldri samnings - 17. grein	20									
Býlisstuðningur - 6. grein		194	242	239	238	235	233	231	229	227
Ullarnýting - 7. grein	446	437	436	430	428	424	420	417	413	409
Fjárfestingastuðningur - 9. grein		48	48	95	95	94	93	93	92	91
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	99	145	145	143	143	141	140	139	138	136
Aukið virði afurða - 10. grein	148	145	145	95	95	94	93	93	92	91
Samtals sauðfjársamningur	4.932	4.916	4.896	4.694	4.675	4.633	4.591	4.550	4.510	4.470

Tafla 2 – Býlisstuðningur.

Fjárfjöldabrep	Greiðsla pr. bú í flokki (krónutölubrep)
101-120	20.000
121-140	40.000
141-160	60.000
161-180	80.000
181-200	100.000
201-220	120.000
221-240	140.000
241-260	160.000
261-280	180.000
281-300	200.000
301-350	220.000
351-400	240.000
401-500	260.000
501-600	280.000
601-800	300.000
801-	320.000